

Nd.

## 382. Lög

um samþykktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi.

(Samþykkt í Nd. 13. ágúst).

### 1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþykktir fyrir einn hrepp eða fleiri um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi.

### 2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á, eða fær óskir um það frá einni sveit-  
arstjórn eða fleirum innan sýslu, að gera samþykkt fyrir sýsluna eða nokkurn  
hluta hennar, skal hún með nægum fyrirvara kveðja til fundar á svæði, sem  
ætlast er til, að samþykktin nái yfir. Eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir, er  
á því svæði búa og kosningarrjett hafa til alþingis. Sýslunefnd kveður á um  
fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kjörið til þess, ákveður  
fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

### 3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp  
til samþyktar, er áður hefir verið samþykkt af sýslunefndinni. Fallist fundar-  
menn á frumvarpið óbreytt með  $\frac{2}{3}$  hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það  
stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt  
fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með  $\frac{2}{3}$  atkvæða og  
sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögur,  
er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frum-  
varpið óbreytt með  $\frac{2}{3}$  atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, er eigi hefir náð  $\frac{2}{3}$  atkvæða á samþyktar-  
fundi, er fallið, og má eigi koma fram á ný í sýslunefnd fyr en á næsta aðal-  
fundi hennar.

### 4. gr.

Nú er samþykkt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til  
staðfestingar. Virðist þá stjórnarráðinu hún koma í bág við grundvallarreglur  
laga eða rjett manna, er samþykktin endursend án staðfestingar. Fylgja  
henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnar-  
ráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún  
öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, sem  
hún nær yfir.

Samþykkt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt  
en þann, er hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykkt skal ávalt vera ákvæði um, hvernig eftirlitinu úr landi skuli stjórnað og yfir hvert svæði það skuli taka. Þar er og heimilt að ákveða, að greiða skuli yfir vertíð hverja alt að tveggja króna gjald af hverjum hlut á opnum skipum og mótorbátum á því svæði, er samþykkt nær yfir, til að standast kostnað af eftirlitinu.

6. gr.

Gjald það, er ræðir um í 5. gr., greiðist af óskiftum afla, og skal formaðurinn annast um greiðslu þess. — Að öðru leyti skulu í samþykktinni settar reglur um innheimtu gjaldsins og reikningaskil, og má taka það lögtaki á þann hátt, sem segir í lögum 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám, án undanfarins dóms eða sáttar.